

Afstöðumynd 1:500

Orkurammi			**Norðurhella 13**	**Dags.**			**28.11.2018 Nafn**	**Verkfræðistofan Víðsjá**					
Reiknað varmatap húss			ΔT 35					Kröfur byggingareglugerðar	Reiknað varmatap húss		ΔT 35		
	Þykkt ein. mm	m2	ΔT		W/m2°K	W	W/K		m2	ΔT		W/m2°K	W
Útveggir, einangrað að utan	125	715,0	35	25025	0,39	9760	278,85	Útveggir, einangrað að utan	715,0	35	25025	0,40	10010
Gluggar/Hurðar		206,0	35	7210	1,80	12978	370,80	Gluggar/Hurðar	206,0	35	7210	2,00	14420
Viðsnúið þak	220	720,0	35	25200	0,20	5040	144,00	Viðsnúið þak	720	35	25200	0,20	5040
Gólf 120mm+einangr 100mm	100	612,0	15	9180	0,27	2479	70,82	Gólf 120mm+einangr 100mm	612	15	9180	0,30	2754
						30256	864,47	Allur rauður texti í dökkgulum reit reit færist á aðalteikningu	Einangr mm	Orkurammi W			32224
Kuldabrýr		m						Útveggir, einangrað að utan 0,35	125	Heildar varmatap í fermetra húss			
Kuldabrú frá svölum	200,0	33,5	35	1172,5	0,83	973	27,81			0,95 W/m2°C			
Lóðréttar kuldabrýr við útvegg	200,0	24,0	35	840	0,83	697	19,92	Gluggar/Hurðar 1,80					
Kuldabrú á þakplötu	180,0	104,0	35	3640	0,40	1456	41,60						
								Viðsnúið þak 0,20	220				
								Gólf 120mm+einangr 100mm 0,27	150				
						1670	122,01						
Heildarvarmatap		Í LAGI				31927 W		32224 W	Kröfur byggingarreglugerðar				
Vegið meðaltal útveggir/glugga/hurðir				Í LAGI		0,71	W/m2°K	0,85 W	Kröfur byggingarreglugerðar				
		Fermetrar húss				1042,00							
Heildarvarmatap á fermetra húss						0,95	W/m2°C		Krafa/Raun≥100	100,93	%		

Orkurammi

BYGGINGARLÝSING

Norðurhella 13, nýbygging.

Landnúmer: L204726
Staðgreinir: 1118605

Brúttó flatar- og rúmmál:
Mhl 01 1.185,1 m² 3.912,0 m³

Lóðarstærð: 2685,1 m²
Nýtingarhlutfall: 0.4413

Um er að ræða nýbyggingu að Norðurhellu 13. Aðkoma er frá Norðurhellu um innkeyrslu sem er sameiginleg með Norðurhellu 15. Ætlunin er að nota húsið sem gistiheimili með smáíbúðir ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn. Byggingin er tveggja hæða. Það verður lyfta í henni. Aðkoma að íbúðum er um stigahús og lyftu. Inntaks- og tæknirými eru í skrið-kjallara, undir stiga.
Sótt er um gististað í Flokki II: Gististaður án veitinga (5. gr.) og sem gistiheimili (b) undir tegundir gististaða (6. gr.) samkvæmt reglugerð nr. 585 / 2007 og lögum nr. 85 / 2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Móttaka er í stigahúsi á jarðhæð en engin morgunverðarþjónusta enda allar íbúðir með eldunaraðstöðu. Alls verða 22 íbúðir til útleigu, að jafnaði 43 m², stærsta er um 50 m². Þar af er ein sem miðuð er við aðgengi hreyfihamlaða á 1. hæð skv. grein 6.10.3 byggingarreglugerðar. Allar íbúðir eru með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Gera má ráð fyrir að fjöldi gesta geti verið allt að 88. Língeymsla og ræsting er á 2.hæð. Þrif og þvottur verður á hendi rekstraraðila. Gistiheimili hefur aðgang að sameiginlegri sorpgeymslu á lóð.

Útveggir:
Útveggir eru staðsteyptir og verða einangraðir að utan með 100 mm steinullareinangrun og þar utan við klætt með ál- og/eða viðarklæðningu á álburðarkerfi.

Þak:
Þakplata er járnbent staðsteypt plata. Frágangur þess verður s.k. viðsnúið þak. Það er, á steypta þakplötuna komi 3 lög pappa lögðum í asfalt, 220 mm vatnsheld einangrun, og loks farg úr ármöl og hellum. Halli amk. 1/40.

Innveggir og loft:
Steyptir innveggir og loft að innan verða sandspartlaðir og málaðir. Léttir innveggir verða hefðbundnir 120 mm gifsveggir á blikkgrindarkerfi fylltir með steinull, spartlaðir og málaðir. Veggir milli íbúða verða 220 mm gipsveggir á blikkgrind og 2 x 50 mm steinull á milli (EI60), spartlaðir og málaðir. Loft á báðum hæðum verða tekin niður þannig að endanleg lofthæð verður 290 cm. Lofthæð á göngum verður 250 cm. Loftræsi- og raflagnaleiðir eru ofan við loftin.

Gólf:
Gólf eru járnbent staðsteypt og verða þau flotuð og loks viðeigandi gólfefni s.s flísar, parket og gólfdúkur, teppi.

Gangar.
Allir gangar utan og innan íbúða eru a.m.k. 1.3 metrar.
Varðandi pláss framan við inngangsdyr þá eru öll gistirýmin undir 55 og eru því undanþegin kröfum reglugerðar um algilda hönnun.

Stigar og handrið:
Frágangur stiga og handriða (hæð og lokanir) verði í samræmi við kröfur byggingareglugerðar.
Svalahandrið einkasvala eru byggð á stálburðargrind sem klædd er með sígötuðum álplötum handlisti ofan við þær og innan og uppfylli þau kröfu um lokun í grein 202.13 byggingareglugerðar.

Sérafnotafletir eru framan við hverja íbúð á 1. hæð og svalir á 2. hæð.

Reyklosun er í opnanlegu fagi efsti í glugga stigahúss.

Sorpgeymsla:
Sorpgerði er staðsett við suðvestur enda bílastæða. Sorpgerði er trérimlar á stálgrind með steinsteyptu gólfi og niðurfalli. Spúlslanga verði í gerðinu með tæmingarloka.
Fjöldi tunna/gáma verði í samræmi við kröfur byggingareglugerðar
og hreinsunardeildar Hafnarfjarðar.

Hjólaskýli:
Áfast sorpgeymslu verður sett skyggni yfir hjólreiðastæði, u.þ.b pláss fyrir 10 stk hjól.

Bílastæði:
Bílastæði á lóð eru 40 stk, þar af 1 fyrir hreyfihamlaða.
Gert er ráð fyrir raftengingu rafbíla á lóð. Allt að 4 stk.

Lóð:
Lóð verður að mestu leiti malbikuð en stöku tré og runnar verða á umferðar eyjum og við lóðarmörk. Kvöð um gegnumakstur og sameiginlega innkeyrslu er á lóðinni. Lóðarmörk að aðliggjandi lóðum verða unnin í samvinnu við eigendur að Norðurhellu 15 og Hafnarfjarðarbæ til norðurs.

BRUNAVARNIR

Samantektartexti brunavarna er unninn af EFLU dags. 11. janúar 2019.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna

Í byggingunni verður starfrækt gistiheimili í notkunarflokki 4.

Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m².

Hámarksfólksfjöldi byggingunni er 60 manns.

Öryggisbúnaður vegna brunavarna

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN. Þau skulu að lágmarki vera:

- Á 1. hæð: Tvö 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 144B á gangi og eitt á gangi skv. merkingum á aðaluppdrætti. 3 tæki samtals.
- Á 2. hæð: Tvö 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 144B á gangi skv. merkingum á aðaluppdrætti. 2 tæki samtals.

Eldvarnarteppi verða í hverju gistiherbergi skv. merkingum á aðaluppdrætti.

Hurðalokarar
Flokkun hurðalokara er skv. ÍST EN 14600.

Brunahólfandi hurðir skulu almennt búnar hurðalokurum í a.m.k. flokki C4. Hurðir sem almennt standa opnar á segli skulu uppfylla a.m.k. flokk C2.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni verða út-ljós og neyðarlýsing skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 160.BR3, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Flóttaleiðalýsing (escape route lighting) (1 lúx) verður á göngum og við flóttaleiðir utanhúss. Neyðarlýsing (5 lúx) verður í stigahúsi, í móttöku á 1. hæð og þar sem slökkvitæki eru staðsett. Neyðarlýsing (15 lúx) verður í tæknirými í kjallara.

Reyklosun

Reyklosun úr stigahúsi verður um opnanlegan glugga.

Rýming við eldsvoða

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru sýndar á yfirlitsteikningum og aðaluppdráttum.

Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar að útgangi eða inn í annað brunahólf er um 15m.

Flóttleiðamyndir skv. ISO 23601 skulu vera í hverju gistiherbergi, sem sýna útgönguleiðir ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða og staðsetningu brunavarnabúnaðar.

Dyr í flóttaleið
Hurðir í flóttaleið í aðalinngangi skal hafa neyðarhún skv. ÍST EN 179.

Svalir
Öll gistiherbergi Á 2.hæð hafa aðgengi að svölum.

Varnir gegn útbreiðslu elds og reyks

Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1.

Klæðningar innanhúss verða $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1).

Hljóðeinangrunarbúnaður neðan á loft verður í flokki B-s1,d0.

Gólfefni á flóttaleiðum verða í flokki D_{fl}-s1.

Röraeinangrun
Almennt skal röraeinangrun flokkast sem A2L-s1,d0 (óbrennanleg).

Þegar um fá rör er að ræða má miða flokkun á röraeinangrun við þann klæðningaflokk sem gildir í viðkomandi rými samkvæmt eftirfarandi:

B_L-s1,d0 þar sem klæðningar eru í flokki 1, þ.e. B-s1,d0.

Útveggir og þök
Utanhúss klæðningar verða úr óbrennanlegum efnum með óbrennanlegri einangrun.

Þakklæðning er í flokki T (B_{roof}) (t2) skv. ÍST EN 13501-5).

Brunahólfun
Brunahólfun er almennt með EI90 veggjum milli gistiherbergja en EI60 að gangi og EI_2 30-CS_m hurðum. Þar sem bil milli glugga hvor fyri ofan annan í hæð er innan við 1,2 m verður annar glugginn útfærður sem E30. Hæðarskil skulu vera a.m.k. REI 90

Þar sem lárétt bil milli glugga er innan við 0,6m verður 0,4m steyptur útskagandi brunakantur á milli.

Loftræsikerfi
Salerni og eldhús herbergja/íbúða eru tengd útsogskerfi. Að öðru leiti er byggingin loftræst með náttúrulegri loftræsingu. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa).

Lyfta
Hegðun lyftu við eldsvoða skal vera í samræmi við ÍST EN 81-73. Lyftur skulu við brunaboð fara á 1. hæð og opnast þar.

Aðstaða slökkviliðs

Aðkoma

Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd.

Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er í anddyri á 1. hæð.

Burðarvirki við bruna

Burðarvirki sem bera hæðarskil uppfylla a.m.k. R90 brunakröfu.

Önnur burðarvirki uppfylla a.m.k. R60 brunakröfu.

Viðhald brunavarna

Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi.

Gera skal þjónustusamninga um viðhald á neyðarlýsingu og handslökkvitækjum.

Setja skal upp kerfi eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir gistiheimilið.

Samþykkt þann
26. FEB. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

C:

B:

A:

BREYTINGAR: DAGS:

LYKILMYND:

VERKKAUPI:

Yfirfarið af brunahönnuði EFLA verkfræðistofa
Guðjón Rafnsson
Rafræn undirritun
28.2.2020

BYGGINGARHLUTI: NORÐURHELLA 13

AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING, ORKURAMMI

VERK:	NORÐ 1930		
KVARÐI:	1:500	TEIKNAÐ:	SJ
DAGS:	18.02.2020	SKRÁ:	Norð 1930.dwg

ÚTI INNI
A R K I T E K T A R
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661
NETFANG ui@ui.is
VEFFANG http://www.ui.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ
120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ
021256-7579

TEIKNINGANR: **A-100** BREYTING: